

Inngangur þýðenda

Fáir höfundarferlar endurspeгла þá ólgustrauma sem léku um evrópskt bókmenntalíf á fyrstu áratugum tuttugustu aldar með jafn skýrum hætti og ferill þýska rithöfundarins Franz Jung (1888–1963). Bakgrunnur Jungs var á ýmsan hátt sérstæður en þó lýsandi fyrir marga starfsbræður af hans kynslóð. Jung var af borgaralegum ættum og fæddist í bænum Neibe í héraðinu Efri Slesíu, sem nú liggur innan landamæra Póllands og ber nafnið Nysa. Að lokinni skólagöngu í heimabænum hélt hann til Leipzig og lærði tónlist áður en hann sneri sér að námi á sviði réttarsögu, trúarbragðafræði, listfræði og hagfræði. Háskólaganga hans í hinni sögufrægu borg Jena í framhaldinu varð aftur á móti endasleppt og hélt hann til doktorsnáms við háskólann í München, þar sem doktorsritgerð hans um hagfræði og nýjustu þróun í eldpýtnaiðnaðinum var hafnað árið 1911 vegna þess að hlutar hennar höfðu birst of snemma. Á árunum í München komst Jung í samband við fjölskrúðugan hóp rithöfunda sem þar störfuðu og gjarnan hafa verið tengdir við blómlegan vettvang bóhemíunnar í höfuðstað Bæjaralands, þar sem framsæknir liststraumar og starfsemi með rætur í róttæku stjórn málaumhverfi sósíalísmans og anarkísmans komu saman. Af þeim höfundum sem Jung átti í nokkru samstarfi við má nefna Erich Mühsam, Gustav Landauer, Johannes R. Becher, Emmy Hennings og Emil Szittya.¹

Fyrstu bókmenntaverk Jungs birtust í tveimur lykiltúmaritum expressjónísmans í Þýskalandi, *Der Sturm* og *Die Aktion*, árið 1912 og vakti hann fljótt athygli sem ein mikilvægasta rödd þeirrar höfundakynslóðar sem þá var að stíga fram

¹ Hópurinn sem var ræðir tengdist félagsskap sem kallaðist *Sozialistischer Bund* (Sósíalíska félagið), en hann hafði starfað í borginni frá árinu 1911 og einkenndist af bóhemskum áherslum á andfélagslega afstöðu og mótun annars konar lífshátta í andstöðu við ríkjandi samfélagsgerð (sjá Walter Fähnders, „Was soll der Proletarier lesen? Franz Jung“. Versuche zum revolutionären Leben“, Franz Jung, *Werke*, 2. bindi: *Joe Frank illustriert die Welt, Die rote Woche, Arbeitsfriede*, Hamburg: Nautilus, 1984, bls. 211–232, hér bls. 212).



á sjónarsviðið. Þar vó þyngst útgáfa sagnakversins *Das Trottelbuch* (Glópabókin) árið 1912, sem var eitt þeirra verka sem slógu nýjan tón í þýskum bókmenntum við upphaf hins expressjóníska áratugar.² Ári síðar fluttist Jung til Berlínar og tók virkan þátt í því bókmenntastarfi sem tengdist *Die Aktion*. Tímaritinu, sem ritstýrt var af Franz Pfemfert, hefur verið lýst á þann hátt að byltingaráherslur þess hafi fremur „borið sterkan svip af anarkisma“ en starfi verkalýðshreyfingarinnar.³ Jung varð einn þeirra lykillöfundu sem tímaritið og forlag á þess vegum gáfu út á öðrum áratugnum og í upphafi þess þriðja, en af mikilvægum verkum hans frá tímabilinu má nefna skáldsöguna *Der Sprung aus der Welt* (Stökkíð úr heiminum, 1918) og sagnakverið *Joe Frank illustriert die Welt* (Joe Frank myndlýsir heiminum, 1921). Síðarnefnda verkið er lýsandi dæmi um þá fagurfræði sem átti eftir að einkenna skrif Jungs á þriðja áratugnum. Frásögnin byggist á klippitækni, þar sem skeytt er saman ólíkum frásögnum sem sóttar eru í blöð og tímarit er rekja má til þverþjóðlegrar útgáfustarfsemi verkalýðshreyfingarinnar.⁴ Líkt og svo oft átti eftir að verða raunin varð þátttaka Jungs í starfi hópsins umhverfis *Die Aktion* skammvinn, því undir lok áratugarins gekk hann til liðs við forlagið Malik, sem starfrækt var af rithöfundinum og útgefandanum Wieland Herzfelde. Forlagið varð einn mikilvægasti útgáfuvettvangur róttækra alþjóðasinnaðra bókmennta í Þýskalandi á þriðja áratugnum, þar sem leidd voru saman framsækin verk með rætur í fagurfræði framúrstefnunnar og verk sem tengja má róttæku stjórnmála- starfi og útgáfu alþjóðlegu vinstrihreyfingarinnar. Fyrsta verk Jungs sem Malik- forlagið sendi frá sér var sagan *Proletarier* (Öreigar, 1921), sem birtist í ritroð sem kennd var við „rauðar skáldsögur“ (*Die rote Roman-Serie*) og helguð verkum eftir lykillöfundu alþjóðasinnaðra bókmennta, en í hópi þeirra bóka sem forlagið sendi frá sér má finna verk eftir erlenda höfunda eins og Henri Barbusse, John Dos Passos og Upton Sinclair.⁵ Af öðrum verkum Jungs sem komu út á vegum Malik má nefna ritgerðasafnið *Die Technik des Glücks* (Tækni hamingjunnar, 1921–1923) og skáldverkið *Die Eroberung der Maschinen* (Sigur vélanna, 1923), en þar er um að ræða tilraunakennt verk sem svipar til *Joe Frank illustriert die Welt*, frásögnin byggir á klippitækni og brugðið er upp brotakenndri mynd af starfi hinnar alþjóðlegu verkalýðshreyfingar og þróun heimsbyltingarinnar í ólíkum heimshlutum. Verk Jungs gegndu mikilvægu hlutverki við mótnun sérstæðrar frá-

² Um áratug expressjónismans, megineinkenni og sögu hreyfingarinnar, sjá Thomas Anz, *Literatur des Expressionismus*, Stuttgart og Weimar: Metzler, 2010.

³ Walter Fähnders, „Was soll der Proletarier lesen?“, bls. 213.

⁴ Sjá Christoph Schaub, *Proletarische Welten. Internationalistische Weltliteratur in der Weimarer Republik*, Berlín og Boston: De Gruyter, hér einkum bls. 115.

⁵ Sjá sömu heimild, bls. 60.

sagnarhefðar innan þýskra bókmennta, þar sem kappkostað var að leggja grunn að nýrri tegund „alþjóðasinnaðra heimsbókmennta“ með mótun „afstöðubókmennta sem leituðust við að tengja fagurfræðilegar nýjungar framúrstefnunnar við hugðarefni hinnar vinstrisinnuðu kommúnísku verkalýðshreyfingar“.⁶ Eins og sjá má af þeim textum Jungs sem hér birtast í þýðingu var heimsbókmenntahugtakið honum hugleikið og í skrifum sínum leitaðist hann við að kortleggja hefð og þróun hinna nýju alþjóðasinnuðu heimsbókmennta. Slíkar áherslur birtast ekki aðeins í skrifum hans um bókmenntir. Í *Die Eroberung der Maschinen* verða hinar nýju heimsbókmenntir beinlínis að inntaki skáldlegrar frásagnar sem hverfist um alþjóðahyggu, gagnvettvang róttæku vinstrihreyfingarinnar og þverþjóðlega dreifingu lesefnis.⁷ Í verkum af þessu tagi birtist enn fremur sérstaða Jungs, sem leit fremur á sig sem „smið“ eða „hönnuð“ [Konstrukteur] sem splæsti saman textum en sem „höfund“ eða „framleiðanda „fullmótaðra“ verka“.⁸ Þótt Jung hafi getið sér nafn sem einn mikilvægasti höfundur framsækinnna bókmennta á öðrum og þriðja áratugnum var afstaða hans til bókmenntanna á margan hátt tvíbent og hefur ævisöguritari hans komist svo að orði að hann hafi „verið óþreytandi að leggja áherslu á að fyrir honum væru bókmenntirnar aðeins lifibrauð“.⁹ Þannig lifði Jung nokkurs konar „tvöföldu lífi“ sem höfundur, þar sem hann var klofinn á milli bókmenntasköpunar og greinaskrifa um þjóðfélagsmál og hagfræði, en mörkin þar á milli verða jafnvel á köflum óljós í höfundarverkinu.¹⁰

Leið Jungs inn í róttæku vinstrihreyfinguna má rekja til umrótsins í kjölfar fyrri heimsstyrjaldar. Frá árinu 1917 tók hann virkan þátt í undirróðursstarfsemi spartakistahreyfingarinnar í Berlín, auk þess sem hann ritstýrði tímaritinu *Die Neue Jugend* (Nýja æskan) ásamt listamanninum John Heartfield. Í tímaritinu, sem gefið var út af Malik-forlaginu, voru leiddar saman ólíkar raddir úr röðum framsækinnna rithöfunda, byltingarsinna og friðarsinna. Jung tók jafnframt virkan þátt í spartakistauppreisnunum í Berlín árið 1919 og urðu þeir atburðir valdir að einni fyrstu fangavist hans, en þær áttu eftir að verða nokkrar á sviptingasamri ævi sem var mörkuð af undirróðursstarfsemi, handtökum og ítrekuðum flóttu.¹¹

⁶ Sama heimild, bls. 61.

⁷ Sjá sömu heimild, bls. 111–114, hér einkum bls. 111.

⁸ Walter Fähnders, „Was soll der Proletarier lesen?“, bls. 114.

⁹ Fritz Mierau, *Das Verschwinden von Franz Jung. Stationen einer Biographie*, Hamburg: Nautilus, 1995, bls. 85.

¹⁰ Walter Fähnders, „Was soll der Proletarier lesen?“, bls. 114.

¹¹ Fyrsta dóminn hlaut Jung vegna liðhlaups úr hernum árið 1915 og sat hann af sér í Spandau, en á tímabilinu fram til 1945 mátti Jung dúsa alls sex sinnum í fangelsi fyrir ólíkar sakir, sjá Fritz Mierau, *Das Verschwinden von Franz Jung*, bls. 35.

Þannig hefur verið sagt um Jung að hann hafi átt sér „fleiri andlit, fleiri störf og fleiri nöfn“¹² en flestir aðrir höfundar og er þar vísað til þeirra fjölmörgu dulnefna sem hann notaðist við í tilraunum sínum til að komast undan handtöku. Þær tilraunir báru þó ekki alltaf árangur og skrifaði Jung meðal annars nokkur af sínum þekktari verkum innan fangelsisveggja. Á því tímabili þegar Jung tók virkan þátt í aðgerðum spartakista kom hann einnig að annars konar verkefni sem tengja má við róttæka starfsemi, því árið 1917 varð hann einn af stofnendum dadaismans í Berlín. Mikilvægur undanfari og grunnur að starfsemi dadaistanna í Berlín, sem átti eftir að mótast af sterkum tengslum tilraunakenndrar fagurfræði og pólitískrar róttækni, var tímaritið *Die Freie Straße*, sem stofnað var árið 1915 og kom út í ritstjórn Jungs og sálgreinandans Ottos Gross til ársins 1918.¹³ Tímaritið, sem Jung lýsti síðar sem „lausbundinni röð dreifrita“, einkenndist af sérstæðri blöndu anarkískra stjórnmalaviðhorfa og framsækkinnar fagurfræði og í hópi þeirra sem áttu þar efni voru höfundar á borð við Oskar Maria Graf og Max Herrmann-Neiße, sem áttu eftir að gegna veigamiklu hlutverki í alþjóðasinnuðu bókmenntaumhverfi þriðja áratugarins.¹⁴ Eftir stofnun dadaismans í Berlín tók hin nýja hreyfing yfir þá útgáfustarfsemi sem tengdist *Die Freie Straße*. Árið 1918 kom út sérstakur kynningarbæklingur þar sem tilkynnt var um stofnun Dadaklúbbsins í Berlín og voru ritstjórar hans Franz Jung, Raoul Hausmann og Richard Huelsenbeck, sem var nýkominn til borgarinnar eftir að hafa tekið þátt í stofnun dadahreyfingarinnar í Zürich.¹⁵ Tveimur sögum fer af hlutverki Jungs, sem samstarfsmaður hans Johannes Baader prýddi

¹² Sama heimild, bls. 140.

¹³ Um sögu dadahreyfingarinnar og tildrög starfseminnar í Berlín má lesa í knappri samantekt á íslensku: Benedikt Hjartarson, „Inngangur“, Filippo Tommaso Marinetti o.fl., *Yfirlýsingar. Evrópska framúr stefnan*, ritstjórar Benedikt Hjartarson, Ástráður Eysteinnsson og Vilhjálmur Árnason, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2001, bls. 303–312. Otto Gross var náinn vinur og samstarfsmaður Jungs um nokkurra ára skeið og var Jung einn þeirra höfunda sem hríntu af stað herferð til að fá austurríska sálgreinandann og byltingarsinnann lausan úr haldi eftir að faðir hans hafði látið vista hann á geðveikrahæli árið 1913. Um gagnrýni Gross á bælingarhætti feðraveldisins, kenningar hans um byltingarsinnað hlutverk kynhvatarinnar, mikilvægt hlutverk hans í menningarlífi tímabilsins og þau umdeildu meðferðarúræði sem urðu að lokum til þess að Gross var gerður burtækur úr samfélagi sálgreinenda, sjá meðal annars Thomas Anz, „Die Seele als Kriegsschauplatz – Psychoanalyse und literarische Moderne“, *Naturalismus, Fin de siècle, Expressionismus 1890–1918*, ritstjóri York-Gothart Mix, München og Vín: Carl Hanser Verlag, 2000, bls. 492–508.

¹⁴ Vitnað eftir Fritz Mierau, *Das Verschwinden von Franz Jung*, bls. 94.

¹⁵ Sjá sömu heimild, bls. 95.

sæmdarheitinu „dadanarkistinn Franz Jung“,¹⁶ í dadahreyfingunni í Berlín. Þannig fullyrti Hausmann síðar að „hinn mótsagnakenndi, já jafnvel geðklofni, tvíræði Franz Jung“¹⁷ hafi verið helsti hvatamaðurinn að stofnun Dadaklúbbsins en höfundurinn sjálfur dró jafnan úr þætti sínum og þvertók alla úð fyrir að hafa tilheyrt hreyfingunni. Hvernig sem á málin er lítið er víst að aðkoma Jungs að dadaismanum varð skammvinn, þótt hann hafi lagt sitt af mörkum á mótunartíma hreyfingarinnar, og frá og með árinu 1919 taka verk hans aðra stefnu.

Uppgjörið við dadaismann er lýsandi fyrir þær sviptingar sem einkenndu lífshlaup Jungs, sem tollði illa í samstarfi af þessu tagi. Ástæðunum lýsir hann sjálfur á eftirminnilegan hátt í endurminningum sínum frá árinu 1961. Verkið sver sig í ætt þeirra játningabókmennta sem rekja má til skrifra Rousseaus og einkennast af miskunnarlausu uppgjöri og sjálfsgagnrýni. Sjálfur titillinn segir sína sögu, því Jung gaf verkið út undir heitinu *Der Weg nach unten* eða *Á niðurleið*. Á einum stað lýsir hann því hvernig líf sitt hafi verið „vítahringur þunglyndis og uppreisnar, veikleika og flóttu undan sjálfum [sér]“ og annars staðar lýsir hann því yfir að hvernig sem líf sitt hefði æxlast hefði „[hann] alltaf verið sá sami og hann er – með öllum sínum brestum, tálsýnum og fjarlægð frá mönnum, sem ekki verði brúuð“.¹⁸ Úr þessum orðum róttæklingisins, byltingarsinnans og óforbetranlega hugsjónamannsins Franz Jung skín lífsafstaða sem varpar ljósi á æviferilinn, þar sem heita má að höfundurinn hafi hrakist úr einu uppreisnarverkefninu í annað með þeim hætti að honum skjóti jafnan upp á þeim andartökum og stöðum þegar ólgu gætir í evrópsku bókmennta- og stjórnmálalífi – en hverfi jafnharðan. Það er á sinn hátt lýsandi að einkunnarorð endurminninganna sækir Jung í frægt rit kristna dulspekingisins Tómasar frá Kempis, *De Imitatione Christi* (Breytni eftir Kristi), sem var honum löngum hugleikið: „Hví leitar þú þér hvíldar, þar sem þú ert fæddur til erfiðis?“¹⁹ Þar sem hér er talað um „erfiði“ er í þýsku þýðingunni sem Jung vitnar til notað orðið „Unruhe“, sem einnig mætti þýða sem „óeirð“.²⁰ Fá orð fanga betur þær sviptingar sem einkenna lífshlaup Jungs, hvort heldur horft er til aðkomu hans að pólitískum óeirðum af ólíkum toga eða þeirrar óeirðar sem segja má að hafi verið drifkrafturinn í öllum hans verkum, sem

¹⁶ Vitnað eftir sömu heimild, bls. 95.

¹⁷ Vitnað eftir sömu heimild, bls. 94.

¹⁸ Franz Jung, *Der Weg nach unten. Aufzeichnungen aus einer grossen Zeit*, Hamburg: Nautilus, 1986 [1961], bls. 343 og 399.

¹⁹ Thomas A Kempis, *Breytni eftir Kristi. Önnur bók* [þýð. ekki getið], Reykjavík: Kaþólska kirkjan á Íslandi, 1958, bls. 32.

²⁰ „Warum suchst du Ruhe, wenn du zur Unruhe geboren bist?“ (Franz Jung, *Der Weg nach unten*, bls. 5).

voru knúin áfram af byltingarhugsjón sem hafnaði hvers kyns málamiðlunum. Tilvitnunin í rit Tómasar frá Kempis er til marks um hvernig sá uppreisnandi sem gegnsýrir verk Jungs spratt í grunninn af bóhemskum hugsjónum meinlætis og trúfestu og ekki er laust við að í hrakningum þessa staðfasta uppreisnarseggs glitti víða í ímynd forumunksins þar sem hann reikar um í köllun sinni og örbirgð, en Jung lýsti hlutskipti sínu síðar sem hlutverki hins eilífa „utangarðsmanns“, „friðarspillis“ og „skaðvalds“.²¹ Útkoman er eitt sérstæðasta höfundarverk sem finna má í byltingarbókmenntum tuttugustu aldar, þar sem saman koma spádómslýsingar, róttæk þjóðfélagsgreining, vægðarlaus sjálfsskoðun og fagurfræðileg tilraunamenska.²²

Þær fjórar greinar sem hér birtast komu allar út á því tímabili sem Jung átti síðar eftir að kenna við „rauðu árin“.²³ Upphaf tímabilsins má rekja til spartakistauppreisnanna árið 1919, en í byrjun þess árs gekk Jung einnig í Þýska kommúnistaflokkinn (KPD, Kommunistische Partei Deutschlands). Vistin varð þó stutt, því Jung var rekinn úr flokknum fyrir árslok og gerðist þá einn af stofnendum Kommúnísku verkamannaflokks Þýskalands (KAPD, Kommunistische Arbeiterpartei Deutschlands), sem markaði upphafið að nokkuð ævintýrlegu tímabili. Jung var á flótta undan réttvísinni fyrir hlutdeild sína í uppreisnunum í Berlín en var sendur við annan mann til Moskvu á vegum hins nýstofnaða flokks til að falast eftir inngöngu í Komintern, Þriðja alþjóðasamband kommúnista sem þá var nýstofnað. Til að komast leiðar sinnar yfirtóku Jung og félagi hans, Jan Appel, þýskan togara og sigldu til Murmansk. Samningaviðræður við Lenín, Búkharín og aðra forsvarsmenn Kominterns skiluðu þó engu og félagarnir hröktust aftur til Þýskalands, þar sem Jung var handtekinn og mátti sitja af sér dóm fyrir sjórán. Þegar hann var látinn laus gegn tryggingu árið 1921 lét hann sig hverfa og tók þátt í vopnuðum uppreisnum í Þýskalandi áður en hann flúði land með þeim afleiðingum að hann var handtekinn í Hollandi og sendur aftur til Sovétríkjanna. Í upphafi þeirrar dvalar starfaði hann fyrir upplýsingadeild Kominterns og kom að uppbyggingu Alþjóðlegu verkamannahjálparinnar (Internationale Arbeiterhilfe) í Moskvu. Árið 1922 var hann síðan fluttur til bæjarins Tsjúdovo, þar sem hann bar ábyrgð á uppbyggingu gamallar eldspýtnaverksmiðju, þar sem sérþekking hans á sviði hagfræði kom að góðum notum, en Jung átti síðar eftir að gera grein fyrir þessu tímabili í bókinni *Die Geschichte einer Fabrik* (Saga verksmiðju, 1924). Í framhaldinu var honum falin umsjón með mál-

²¹ Franz Jung, *Der Weg nach unten*, bls. 261.

²² Sjá Fritz Mierau, *Das Verschwinden von Franz Jung*, bls. 143.

²³ Franz Jung, *Der Weg nach unten*, bls. 105.

blendiverksmiðju í Petrograd og gegndi hann því embætti þar til hann sneri aftur til Þýskalands í árslok 1923. Eftir heimkomuna tók Jung að líta þróunina í Sovétríkjunum gagnrýnni augum og leitaðist við að festa rætur með útgáfu nýrra bókmenntaverka, auk þess sem hann starfaði um tíma við leikhús Erwins Piscator í Berlín. Einkum hafði Jung þó ofan af fyrir sér með blaðaskrifum um hagfræði.²⁴ Hann sendi frá sér nokkrar bækur á síðari hluta þriðja áratugarins og í byrjun þess fjórða en upp frá því tóku verk hans að falla í gleymsku og það var ekki fyrir en með útgáfu endurminninganna þremur áratugum síðar sem þau fengu aftur nokkra athygli.

„Rauðu árin“ frá 1919 til 1924 voru tímabil gríðarlegra afkasta og sendir Jung frá sér hátt í annan tug bóka, þótt margar þeirra séu smáar á sniðum. Á tímabilinu í Sovétríkjunum tók Jung því ekki aðeins virkan þátt í hinu mikla uppbyggingarstarfi á árunum eftir byltingu, heldur stóð hann einnig í hringiðu þeirrar umfangsmiklu útgáfustarfsemi sem var að taka á sig mynd. Segja má að framlag Jungs til þeirrar starfsemi hafi verið tvíþætt. Annars vegar var hann afkastamikill höfundur sem gegndi veigamiklu hlutverki innan hins alþjóðasinnaða bókmenntakerfis jafnt á þýsku málsvæði og í alþjóðlegu samhengi, en í endurminningum sínum nefnir hann að verk sín frá þessum árum hafi þá birst í rússneskum þýðingum og hafi upplagið verið hundrað þúsund eintök af hverri bók, þótt hann lýsi nokkrum efasemdum um að þær hafi náð til margra lesenda.²⁵ Hins vegar fylgdist hann vel með útgáfustarfseminni og sendi frá sér greinar og bækur um þær nýju heimsbókmenntir er væru í burðarliðnum og miðlaði upplýsingum til fróðleiksfúsra lesenda og útgefenda. Þeir textar sem hér birtast í íslenski þýðingu komu allir út á þessum árum og gefa allgöða innsýn í sjónarhorn Jungs á uppruna, þróun og framtíð hinna nýju heimsbókmennta öreigalýðsins. Skrifin bregða upp eftirtektarverðri mynd af þeim ólíku straumum sem léku um róttækt bókmenntalíf alþjóðlegu vinstrihreyfingarinnar á fyrri hluta þriðja áratugarins. Líkt og Jung undirstrikar í upphafi greinar sinnar um „sagnalist öreiganna“ leit hann svo á að „öreigamenning“ ætti í raun „ekkert skylt við öreigalist“ og beinir hann þar spjótum sínum að samtökunum *Próletkúlt*, sem urðu til upp úr októberbyltingunni og stefndu að umbyltingu menningarlífs í hinu nýja ríki, þar sem megináhersla var lögð á þjálfun og menningarlega sköpun verkafólks og öreiga. Miðstýrð verkefni af þessu tagi voru Jung eitur í beinum og leggur hann þess í stað áherslu á breiðari hefð öreigabókmennta, sem teygir sig ekki aðeins aftur til rússneskra alþýðuhöfunda níjtjándu aldar heldur einnig til höfunda eins og Jacks

²⁴ Sjá Fritz Mierau, *Das Verschwinden von Franz Jung*, bls. 198.

²⁵ Franz Jung, *Der Weg nach unten*, bls. 281.

London og B. Travens, sem hann telur til þeirra skálda verkalýðsstéttarinnar er bregði upp ósvikinni mynd af hrynjandi heimsbyltingarinnar og lífsþjarki öreiganna. Textunum hefur verið skipt í tvennt. Annars vegar eru hér teknir saman þrjár textar frá árunum 1920–1925 og þeir birtir undir heitinu „Sagnalist öreiganna“, en yfirskriftin er sótt í lengstu greinina og hún nýtt til að ramma inn styttri greinar Jungs um London og Traven. Í öðrum hluta birtist lengri ritgerð Jungs um öreigabókmenntir og „hinn nýja mann í nýju Rússlandi“, en sá texti kom upphaflega út sem bókarkver árið 1924.²⁶ Með þýðingunum fá íslenskir lesendur sýnishorn af skrifum eins af lykillhöfundum alþjóðasinnaðra heimsbókmennta á fyrri hluta þriðja áratugarins, sem að mestu hefur fallið í gleymsku þótt verk hans eigi sannarlega sinn sess í þýskri bókmenntaumræðu. Textarnir eru þeir fyrstu sem koma út í íslenskri þýðingu og segja má að Jung sé nánast óþekktur höfundur hér á landi. Þó má finna vísbendingar um að verk Jungs hafi borist hingað til lands og verið lesin á þeim tíma þegar útgáfustarfsemi hins alþjóðasinnaða heimsbókmenntakerfis teygði sig inn á íslenskan bókmenntavettvang á þriðja áratugnum. Í ritaukaskrá Landsbókasafnsins frá árinu 1926 má sjá að bókinni *Der neue Mensch im neuen Rußland* bregður þar fyrir og er það eintak enn að finna í hirslum safnsins.²⁷ Í förum þess má einnig finna eintak af öðru riti Jungs, *Das geistige Russland von heute* (Hið andlega Rússland dagsins í dag, 1924), og virðist það eintak vera komið úr einkasafni. Skrif þessa litríka róttæklings hafa því ekki verið með öllu óþekkt hér á landi á þriðja áratugnum, þótt lítið hafi borið á nafni hans í íslenskri bókmenntaumræðu. Á sinn hátt er sú fjarvera til marks um þá gleymsku sem fjölskrúðug útgáfustarfsemi hins alþjóðasinnaða heimsbókmenntakerfis hefur verið sveipuð um margra áratuga skeið.

²⁶ Stuðst hefur verið við útgáfu textanna í heildarútgáfu á verkum Jungs í fjórtán bindum: Franz Jung, „Proletarische Erzählungskunst“ [1920], *Werke*, 1. bindi: *Feinde Ringsum. Prosa und Aufsätze 1912 bis 1963*, Hamburg: Nautilus, 1981, bls. 241–244; Franz Jung, „Jack London, ein Dichter der Arbeiterklasse“ [1924], *Werke*, 1. bindi, bls. 283–284; Franz Jung, „B. Traven“ [1925], *Werke*, 1. bindi, bls. 285–286; Franz Jung, „Der neue Mensch im neuen Rußland. Rückblick über die erste Etappe proletarischer Erzählkunst“ [1924], *Werke*, 5. bindi: *Nach Russland! Schriften zur sowjetischen Revolution*, Hamburg: Nautilus, 1991, bls. 167–180.

²⁷ *Ritaukaskrá Landsbókasafnsins 1926*, Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1927, bls. 60. Hér er um að ræða bókarkver sem kom upphaflega út á vegum Verlag für Literatur und Politik í Vín árið 1924 og hefur að geyma þann texta sem hér birtist undir yfirskrifinni „Hinn nýi maður í nýju Rússlandi“.

FRANZ JUNG

Sagnalist öreiganna

Sagnalist öreiganna

Svo það sé sagt í upphafi: Innan ramma þessarar stuttu samantektar er ætlunin að sýna fram á að öreigamenning á ekkert skylt við öreigalist,¹ að öreigamenning getur í besta falli verið ein margra aðferða til þess að stuðla að þróun öreigalistar, að ólíkt því sem ríkjandi afstaða gerir ráð fyrir er listin í einu og öllu afurð stéttarinnar, hugmyndafræði hennar og stéttaandstæðna – og getur ekki verið annað. Á meðan einungis er hægt að gera grein fyrir andstæðum hinna framleiðnu og óframleiðnu stétta með skírskotun til arðræningja og hinna arðrændu, er kennisetningin um algilt lögmál hinnar lifandi samfélagsheildar ekki annað en ófyrirleitin svik borgarastéttarinnar. Hinn arðrændi, sem hefur verið lagður að jöfnu við arðræningjann með uppeldi og ofbeldi, og það með blessun lögbundinna lífsskilyrða í ríki sérréttindanna, lifir og skynjar það sama og arðræninginn en á annan hátt og undir ytri kúgun. Hann skynjar það með öðrum orðum og sér á annan hátt sem stétt, sem almenningur, á meðan borgarinn skammast sín fyrir stétt sína, sem myndar eina heild í krafti hugmyndafræði sinnar, og þykist aðeins líta á sig sem einstakling og alls óháðan þeim lögum sem hann hefur átt sinn þátt í að koma á. Hin borgaralega listskoðun leyfir sér þann mun að og þar með þau tvöföldu svik, að vera í senn einstaklingsbundin og almenn. Hún er ekki lengur skapandi og getur ekki verið það af þeim frumkrafti sem býr í samfélagi allra, ófær um að mynda hamingju og raunir og fjölbreytilega atburði sem hluta af lífinu, „sjálfri kviku lífsins“. Hún er aðeins skapandi á því sviði eigin lífs sem þrífst á lífi annarra, á efnahagslegum aðstæðum þeirra, vinnu og peningum, til að „vera á lífi“. Hún er skapandi til þess að halda þeim í skefjum, hneppa þá í

¹ [Öreigamenning vísar hér til hugtaksins *Próletkúlt* (r. Пролеткульт, stytting á *пролетарская культура*), heitis byltingarsinnaðrar hreyfingar sem varð til upp úr októberbyltingunni í Rússlandi árið 1917 og stefndi að umbyltingu menningararlífs í hinu nýja ríki. Á tímabilinu frá 1917 til 1920 var stefna *Próletkúlt* að leggja grunn að nýrri menningu er sprytti með lífrænum hætti af lífi og starfi hinnar ráðandi stéttar öreiga, en megináhersla var lögð á þjálfun og menningarlega sköpun verkafólks og öreiga. Helstu hugmyndasmiðir hreyfingarinnar voru Aleksandr Bogdanov og Anatolij Lúnatsjarskij.]

fjötra, „ala þá upp“ og stilla þeim upp til sýnis. Í Þýskalandi er öreigalist ruglað saman við það að bregða upp mynd af öreigunum, það er sönnun þess að þýsk öreigamenning er enn sem komið er hreinræktuð afurð borgarastéttarinnar.

Í Þýskalandi er nefnilega ekki til öreigalist, í besta falli er slík list á algjörum byrjendareit. Þar með fellur einnig forsenda og meginverkefni öreigamenningarinnar, að búa jarðveginn undir viðtökur sínar, um sjálfa sig. Þess í stað hefur stigið fram fylking borgaralegra rithöfunda og menningarblaðamanna sem skyndilega hafa uppgötvað öreigaskáld og öreigalist liðinna tíma og síns eigin samtíma og keppast nú við að snúa hugtökunum í eigin þágu. Menningarsíður blaða á borð við *Die rote Fahne* (Rauði fáninn) og *Freiheit* (Frelsi) sem og bókmenntagagnrýnin í *Die junge Garde* (Unga varðliðið) eru næg sönnun þessa.² Hér er nauðsynlegt að taka fram: Stjórnmalaflokkar öreiganna ættu að sameinast um að stefna að samræmdum skilningi á því hvað geri öreigana í eðli sínu að stétt og hvaða hugmyndafræðilegu verkefni þeir þurfi að leysa af hendi til að endurnýja þjóðfélagið og gera það mannúðlegra. Þá myndi umræðan um öreigalist, sem er alls ekki eins léttvæg og margir halda, ekki vera leikvöllur rithöfunda sem tengjast öreigum ekki á nokkurn hátt.

Þessir áköfu bókmenntamenn leggja nú allt kapp á að þefa uppi öreigaskáldsögur og sagnamenn úr röðum öreiga. Það sem hingað til hefur verið ritað um þetta efni er tilviljunarkennt mat borgaralegrar einstaklingshyggju. Samfélags-hugsjón kúgaðrar stéttar sem þyrstir ekki aðeins í átök gegn kúgaranum, heldur byggir nú þegar með eigin sköpunarkrafti upp hið nýja, sem samkvæmt inntaki sínu á að vera samfélagslegt réttlæti eða óréttlæti, gott og illt, gleði og raunir – þessi samfélags-hugsjón er ennþá á algjörum byrjendareit í heimsbókmenntum. Hún er ekki á nokkurn hátt til staðar í þýskum bókmenntum. Eins undarlega og það hljómar er hana fremur að finna í Vestur-Evrópu, og þá einkum í ensku-mælandi bókmenntum fremur en í austri. Þetta er vel skiljanlegt ef haft er í huga að vandi öreigalistarinnar er bundinn því hve þróun sjálfsvitundar öreigastéttarinnar er langt á veg komin. Og það er frekari sönnun þess að þungamiðja byltingarstarfsins horfir sífellt meir til vesturs og verður að laga sig að því þróunarstigi sem sjálfsvitund vestur-evrópskra öreiga hefur náð, frá því augnabliki þegar hugmyndaheimur öreiganna hefur fest sig í sessi, breiðst út og lagt grunn að viðhaldi þess pólitíska valds sem unnist hefur.

² [Hér vitnar Jung til nokkurra helstu tímarita róttæku vinstrihreyfingarinnar í Þýskalandi. *Die rote Fahne* var stofnað af spartakistum í Berlín árið 1918 og varð helsta málagn Þýska kommúnistaflokksins eftir stofnun hans ári síðar. Tímaritið *Freiheit* var gefið út af Flokki óháðra sósíaldemókrata í Þýskalandi (USPD; Unabhängige Sozialistische Partei Deutschlands) frá 1918 til 1922. Tímaritið *Die junge Garde* var stofnað árið 1918 og var málagn ungliðahreyfingar kommúnista.]

Nú um stundir er Jack London dæmi um höfund öreigabókmennta sem markar stefnuna afdráttarlaust. Skáldsaga hans *Fólk undirdjúpanna* (The People of the Abyss),³ sem enn er óþýdd á þýsku, leggur til fyrirmyndardæmi. Í henni birtist hrynjandi sameiginlegrar og samfélagslegrar upplifunar, sameiginlegrar tilfinningar fyrir gleði og sársauka, sameiginlegra vona og vonbrigða. Örlög einstaklingsins hverfa. Í stað þess að vera í brennidepli verða þau hluti af blæbrigðaríkri lýsingu. Þau falla inn í það samfélagslega umhverfi sem einstaklingurinn hefur hingað til þroskast eða brotnað saman í, líkt og raunin er hjá Victor Hugo (*Les Misérables*, Vesalingarnir), Émile Zola (til að mynda *Germinal*), Lemonnier, Goncourt-bræðrum, Kielland, Nexø, Tolstoj og Dostojevskij. Fyrir hvert það skáld sem hér hefur verið nefnt mætti nefna tugi þýskra eftirherma. Þær höfðu samúð með öreigunum án þess að halda uppi merkjum öreigalistar. Ritverk Jacks London eru sannarlega knúin áfram af hrynjandi hinna samfélagslegu atburða. Ekki má vanmeta þýðingu þeirra fyrir framtíðina enda þótt stök verk kunni að skorta listfengi í eldri merkingu þess orðs.

Ekki er enn hægt að leggja mat á að hve miklu leyti höfundum þeirra skáldsagna sem beint er gegn stríðinu mun fleygja fram sem skáldum öreigastéttarinnar. Þess er varla að vænta af Leonhard Frank (*Der Mensch ist gut*, Maðurinn er góður), úrlausnarefni hans eru að stofni til borgaraleg.⁴ Kannski væri það frekar Henri Barbusse (*Le Feu*, Eldurinn, meðal annars), enda þótt samfélag þeirra sem beygðir eru undir herlög sé ekki enn samfélag öreiga, en Barbusse finnur í það minnsta fyrir hrynjandinni.⁵ Þess er þó örugglega að vænta af H.G. Wells og Patrick MacGill.⁶ Það er lýsandi fyrir skilningsleysið sem ríkir í Þýskalandi að þrátt

³ [Skáldsagan *The People of the Abyss*, sem birtist upphaflega árið 1903, kom út í íslenskri þýðingu Stefáns Jónssonar árið 1965 (*Fólk undirdjúpanna*, Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja).]

⁴ [Leonhard Frank var einn af lykilhöfundum tímabilsins í Þýskalandi. Bókin *Der Mensch ist gut* (1918) er safn smásagna sem hverfast um gagnrýni á fyrri heimsstyrjöldina.]

⁵ [Hér er vitnað í skáldsöguna *Le Feu* (1916) eftir Barbusse, sem byggir á reynslu höfundarins á tíma heimsstyrjaldarinnar fyrri og kalla má eitt þekktasta bókmenntaverkið sem skrifað var gegn stríðinu. Skáldsagan hefur ekki komið út í íslenskri þýðingu en nefna má að nokkrir styttri prósatextar eftir þennan lykilhöfund vinstrihreyfingarinnar birtust í íslenskum tímaritum á fjórða áratugnum.]

⁶ [Verk írsku blaðamannsins og rithöfundarins Patrick MacGill náðu nokkurri útbreiðslu í róttækum vinstri kreðsum á þessum tíma. Á meðal lykilverka hans eru skáldsögurnar *Children of the Dead End* (Börn öngstrætisins, 1914), sem byggist á endurminningum höfundarins og ber undirtitilinn „sjálfsævisaga sjóliða“, og *The Red Horizon* (Rauði sjóndeildarhringurinn, 1916) sem hefur að geyma lýsingar á hryllingi heimsstyrjaldarinnar fyrri, en kaffi úr því verki kom út í íslenskri þýðingu árið 1918 (Patrick MacGill, „Veislan í gryfjunni“, þýð. Magnús Jónsson, *Eimreiðin* 1–2/1918, bls. 38–43). Loks má nefna skáldsöguna *The Great Push*, sem einnig byggir á reynslu höfundarins af vígvellinum, en sú bók

fyrir fjölmargar þýðingar er Wells lítt þekktur í þýsku bókmenntalífi, lykilverk hans eru óþekkt. Wells er ekki aðeins fantasíuhöfundur, lærisveinn Jules Verne, heldur er fantasían aðeins hjúpur um þá öreigalist sem Wells hefur fram að færa. Eiginlegt viðfangsefni frásagnar hans er hvernig hrynjandi samfélagsins er í andstöðu við ríkjandi hugmyndafræði, við hið félagslega umhverfi almennt. Skáldsögur hans *Ár halastjörnunnar* (In the Days of the Comet) og *Tímavélin* (The Time Machine) eru mikilvægustu fyrirrennarar öreigaskáldsögunnar.⁷ Öreigalýðurinn sem hrist í samfélagi vanskapaðra vinnudýra í neðanjarðarhellum og finlegar kynjaverurnar sem lifa á yfirborðinu umvaðar blómum í fólkskvalausri og eilífri sælu (þangað sem borgarastéttirnar hafa leitað til fegurra lífs), sem öreigarnir sækja sér að næturlagi sem æti, líkt og menn rækta húsdýr í dag til að éta þau í sig, er beittasta og eina rétta lýsingin á stéttaandstæðum í skáldskap vegna þess að hún er ekki þrungin af tilfinningasemi. Í Upton Sinclair (*Jimmie Higgins*)⁸ býr von um öreigabókmenntir enda þótt sú hætta sé alltaf til staðar að hrein samfélagsgagnrýni snúist upp í lýsingu á einstaklingsbundinni reynslu, eins og nýjasta framhaldssaga hans sýnir. Svipað gildir um skáldsöguna *Guðina þyrstir* (Les Dieux ont soif) eftir Anatole France sem og *Forsögulega nótt* (Urtidsnat) eftir norska höfundinn Johan Falkberget.⁹

kom út í íslenskri þýðingu undir höfundarnafninu Patrekur Gillsson árið 1918: *Sóknin mikla. Kafti úr styrjöldinni miklu* [þýð. ekki getið], Reykjavík: Bókaverzlun Ársæls Árnasonar.]

⁷ [Skáldsagan *The Time Machine* kom upphaflega út árið 1895, en fyrsta íslenska þýðingin birtist sem framhaldssaga í *Eimreiðinni* á fyrri hluta þriðja áratugarins: H.G. Wells, „Tímavélin“, þýð. Magnús Jónsson og Sveinn Sigurðsson, *Eimreiðin* 1/1922 – 4–5/1924. Þýðingin kom síðar út á bókarformi (Reykjavík: Hildur, 1967). Skáldsagan *In the Days of the Comet* (1906) finnst ekki á meðal þeirra verka sem birst hafa í íslenskum þýðingum.]

⁸ [Skáldsagan *Jimmie Higgins* (1919) kom út í íslenskri þýðingu Ragnars E. Kvaran árið 1931: Upton Sinclair, *Jimmie Higgins. Jafnaðarmaður í heimsstyrjöld*, Reykjavík: Bókmenntafélag jafnaðarmanna, 1931.]

⁹ [Skáldsagan *Les Dieux ont soif* eftir France kom út árið 1912. Jung vitnar í framhaldinu til þýskrar þýðingar á skáldsögu eftir Falkberget sem kom út undir heitinu *In der äußersten Finsternis. Erzählung aus dem Bergarbeiterleben (Í ystu myrkrun. Saga úr lífi námuverkamanna)* árið 1912 og bendir flest til þess að um sé að ræða skáldsöguna *Urtidsnat* (1909). Verk Falkbergets nutu nokkurra vinsælda í Þýskalandi og var verkið meðal annars lofað sem ein besta evrópska skáldsagan um líf námuverkamanna. Falkberget er að nokkru leyti gleymdur í dag, þótt verk hans séu enn víða lesin í Noregi, og er einna helst að hann sé þekktur hér á landi sem höfundur skáldsögunnar *Bör Börsson* (1920), sem kom fyrst út í tveimur bindum í íslenskri þýðingu þeirra Helga Hjörvars, Guðmundar G. Hagalíns og Karls Ísfelds á árunum 1944–1945 (Reykjavík: Arnarútgáfan). Forvitnilega umfjöllun um verk Falkbergets, þar sem sjónum er m.a. beint að skáldsögum hans um líf námuverkamanna, má finna í grein eftir Richard Beck sem gefin var út í tilefni af sjötugsafmæli höfundarins: „Rithöfundurinn Johan Falkberget sjötugur“, *Eimreiðin* 3–5/1950, bls. 191–210.]

Hið nýja Rússland hefur ekki enn upp á neina öreigalist að bjóða. Það heldur fast við risavaxna áróðursherferð um list *fyrir* öreigana en horfir vísvitandi framhjá því að þegar fyrir nokkrum áratugum kom fram afar lífvænlegur vísir að bókmenntum *frá* öreigum. Með hinum svokölluðu alþýðuhöfundum, *veristunum* (nafnið á rætur sínar að rekja til orðsins sannleikur), búa rússneskar bókmenntir – Kropotkin hefur sýnt fram á það með sannfærandi hætti – að höfundum sem skrifa aðeins það sem er satt, greina frá aðstæðum eins og þær eru, hvernig fólk lifir og hvað það hugsar. Rússland á rithöfunda frá miðri síðustu öld, sem eru í raun og veru öreigaskáld. Þar má finna öreigalist. Hún er óþekkt annars staðar í Evrópu. Mikilvægustu fulltrúar hennar eru Rjeshetnikov og Úspenskij.¹⁰ Sá fyrrnefndi lýsir lífi farmanna á Volgu og járnbrautarverkamanna í þorpum Úralfjalla. Hann lýsir lífinu en allt verður að tjáningu samfélags, og hversu grimmir, hversu hrottafengnir, hversu *gjörneyddir af list* sem einstakir hlutar þess eru, þá miðlar það áhrifum heildarinnar, samfélagslegri hrynjandi hinna kúguðu og snauðu sem hafa verið sviptir rétti sínum, sem og hinna vondu og yfirgangssömu í mynd þess ríkisvalds sem hvílir á þjóðskipulagi borgarastéttarinnar.

Jack London, skáld verkalýðsstéttarinnar

Nauðsyn þess að verkalýðsstéttin safni og skapi öreigabókmenntir sem sprotnar eru af henni sjálfri varð kveikjan að þeirri bók sem hér er til umfjöllunar. Í sögu öreigabókmennta ber ekki einungis að minnst á boðbera hinnar samfélagslegu byltingar heldur einnig á alla þá rithöfunda sem hafa skrifað út frá lífinu og félagslegum og sálfræðilegum aðstæðum öreiganna. Einn þeirra var Jack London, skáld verkalýðsstéttarinnar.

Hver sá sem vill sjá í Jack London, þessum höfundi sem er lesinn af tveimur milljónum verkamanna í Bandaríkjunum einum, fulltrúa hinnar samfélagslegu byltingar og sagnahöfund stéttaátakanna í hversdagslífinu verður að lokum fyrir vonbrigðum. Vissulega hefur Jack London einnig skrifað byltingarskáldsögu. Í mynd fantasíu en um leið á forspáan hátt hefur hann lýst stéttaátökunum og síðustu bardögnum á milli auðvaldsins og vinnuafslins í skáldsögunni *The Iron Heel* (Járnhællinn).¹¹ Samhliða þessu verki hefur hann á vissan hátt skapað fyrsta

¹⁰ [Rússneski höfundurinn Fjodor Rjeshetnikov (1841–1871) gat sér einkum orð fyrir skáldsögur sem lýstu lífi og aðstæðum lægri stéttanna í Rússlandi. Nikolaj Úspenskij (1837–1889) naut nokkurra vinsælda fyrir skáldsögur sem lýsa lífi og uppreisnum bænda á tímum rússneska keisaraveldisins.]

¹¹ [*The Iron Heel* (1908) er ekki að finna á meðal þeirra fjölmörgu verka Londons sem birst hafa í íslenskum þýðingum. Í þessari pólitísku vísindaskáldsögu lýsir hann vexti sósíalískrar fjöldahreyfingar í Bandaríkjunum sem barin er niður af „Járnhællum“.]

stóra fantasíuverk bókmenntanna um allsherjarverkfall með *Draumi Debs* (The Dream of Debs).¹² Úr þessu verki streymir sigurreif bjartsýni um lokasigur ör-eiganna og sá öreigahöfundur er vandfundinn sem hefur náð að færa þetta í orð á slíkan hátt. Engu að síður er helstu ástæðurnar fyrir mikilvægi og vinsældum Jacks London ekki að finna í þessu verki.

Hið náttúrulega og ósvikna í öllum hans verkum, í ævintýra- og flækings-sögum hans, í sögum hans frá Alaska, frá norðurslóðum og úr Suðrhöfum og í stöku sálfræðilegum þroskasögum og loks í blaðaskrifum hans og bréfum úr ferðalögum og af vígstöðvunum – hvarvetna og í sérhverri línu greinir hann frá því sem hann hefur séð og reynt og leitast við að lýsa því með sömu orðum og frá sama sjónarhorni og hinn ameríski verkamaður, sem er lesandi hans, hefði gert. Í þessu liggur ástæðan fyrir mikilvægi og vinsældum Jacks London og að þessu leyti er hann frambærilegri fulltrúi verkalýðstéttarinnar í bókmenntum heldur en einhver tilfallandi bókmenntalegur boðberi hinnar sósíalísku byltingar, sem leitast vissulega við að nálgast verkamannastéttina í bókum sínum og starfar í hennar þágu en er henni framandi sem manneskja og einkum sem stéttarbróðir.

Bókin um Jack London sem hér liggur fyrir gerir einnig rækilega grein fyrir samfélagslegri gerð bókmennta á þeim tímum sem ólu Jack London af sér. Án hliðsjónar af henni væri hvorki hægt að skilja Jack London né þýðingu hans. Bókin fjallar einnig ítarlega um persónuna Jack London, ævi hans og einkum fyrstu þroskaárin. Sem slík geta þau orkað líkt og afbragðsgóð þroskasaga öreiga sem gæti hafa runnið úr penna Jacks London. Og þegar öllu er á botninn hvolft skrifaði Jack London ekki eina einustu línu þar sem hans eigið líf skín ekki í gegn.

En Jack London tók einnig virkan þátt í pólitísku starfi þegar fyrsti vísirinn að sósíalískri hreyfingu verkamanna í Ameríku kom fram. Allt sitt líf var hann einn af mikilvægustu áróðursmönnum hinnar byltingarkenndu heimshreyfingar iðn-verkamanna á vettvangi bókmenntanna.¹³ Um tíma stóð hann Sósíalíska verkamannaflokknum einnig nærri og beitti sér fyrir sameiningu allra sósíalista og byltingarsinna í Ameríku í einum samtökum.¹⁴ Forsendur fyrir slíku öðru þrepi

fámennisstjórn með fasísk einkenni sem loks er hrundið þremur öldum síðar, þegar öld sósíalismans rennur upp.]

¹² [Smásagan „The Dream of Debs“ kom upphaflega út í tímaritinu *International Socialist Review* árið 1909 og bregður upp mynd af allsherjarverkfalli í Bandaríkjunum, þar sem kallast er á við hugmyndir sósíalistans Eugen V. Debs, eins af stofnmeðlimum verkalýðssamtakanna Industrial Workers of the World (I.W.W.) eða Heimshreyfingar iðn-verkamanna, sem stofnuð voru í Chicago árið 1905.]

¹³ [Hér er vitnað til alþjóðlegu verkalýðssamtakanna Industrial Workers of the World (I.W.W.).]

¹⁴ [London gekk til liðs við Sósíalíska verkamannaflokkinn (Socialist Labour Party; SLP)

í þróun byltingarinnar í Ameríku voru ekki enn til staðar á þessum tíma og tilraunin rann út í sandinn. Í heimsstyrjöldinni mótmælti Jack London stríðsstefnu sósíalista og viðeigandi svar hans við undirlægjuhætti bandarískra sósíalista, sem boðuðu vopnahlé eins og í öllum öðrum löndum, var að ganga úr flokknum.

Jack London lést fáeinum vikum fyrir rússnesku byltinguna. Hann varð þess ekki aðnjótandi að sjá ríki hinna rússnesku verkamanna og bænda rísa. Harmleikur heimssögunnar er einnig í því fölginn að sá maður sem hefði verið sá eini í Ameríku til að reka áróður Sovétríkjanna og færa ameríska verkamenn nær þeim á kjarnyrtnan hátt – sem sá þetta ríki meira að segja fyrir sér allt þar til skömmu fyrir andlátíð – var ekki lengur til staðar til að berjast fyrir málstað þess.

Bókin hefur að geyma fjölmörg sýnishorn úr verkum Jacks London og þeim er ætlað að ná til vinveittra lesenda úr röðum þýskra verkamanna og vekja áhuga þeirra á Jack London.

B. Traven

Af yngri kynslóð verkalýðshöfunda kemst B. Traven næst skyldleika við Jack London. Líkt og hin mikla fyrirmynd hans á Traven einnig rætur að rekja til syndikalismans í Ameríku og Heimshreyfingar iðnverkamanna (I.W.W) og enda þótt hann skrifi verk sín á þýsku leynir hann hvergi þeirri bjartsýni sem er svo einkennandi fyrir amerískar verkalýðsbókmenntir og vill knýja stéttarvitund öreiganna fortakslaut fram úr stolti hinnar einstaklingsbundnu herrastéttar. Slíkar áherslur ljá höfundum þessa hóps sérstætt aðdráttarafl, ekki síst fyrir verkamenn gamla heimsins, þar sem samstaðan innan stéttarinnar tengist mun fremur þrautseigju og öguðu flokksuppeldi en að hún spretti upp viðstöðulaust.

Eftir Traven hafa hingað til birst tvö verk á vegum bókaklúbbsins Gutenberg í Berlín eða öllu heldur á vegum forlagsins Buchmeister, sem klúbburinn rekur: *Das Totenschiff* (Helskipið) og *Der Wobbly*.¹⁵ Síðarnefnda verkið er í raun

árið 1896 en sagði sig úr flokknum fimm árum síðar og gekk til liðs við Sósíalistaflokk Bandaríkjanna (Socialist Party of America; SPA.)

¹⁵ [B. Traven var höfundur vinsælla skáldsagna sem gefnar voru út á þýsku og fjalla um líf og hlutskipti hins alþjóðlega öreigalýðs. Sögusvið flestra skáldsagnanna er í Mexíkó, þar sem höfundurinn bjó frá árinu 1924. Lengi var á huldu hver leyndist að baki höfundarnafninu B. Traven en nú þykir nokkuð víst að það sé þýski leikarinn og anarkistinn Ret Marut, sem tók virkan þátt í ráðstjórnarbyltingunni í Bæjaralandi áður en hann hélt í útlegð. *Das Totenschiff* er þekktasta skáldsaga Travens og kom hún út sem framhaldssaga í *Þjóðviljanum* á síðari hluta fjórða áratugarins: B. Traven, „Helskipið“ [þýð. Haraldur Sigurðsson], *Þjóðviljinn* 10. nóv. 1936 – 21. mars 1937. *Der Wobbly* (1926) var endurskoðuð gerð skáldsögunnar *Die Baumwollpflücker*, sem vikið er að hér í framhaldinu, og vísar titillinn til viðurnefnis þeirra sem voru meðlimir í Heimshreyfingu iðnverkamanna.]

tvær frásagnir sem tengjast mjög lauslega, titilsagan og sagan *Die Baumwollpflücker* (Bómullartúnslufólkið).¹⁶ Báðar bækurnar eru tilvalin lesning fyrir verkamanninn. Á listilegan hátt fellir Traven meðhöndlun efnisins sem oft á tíðum er leikin af fingrum fram, einn af kostum Jacks London, inn í raunsæja lýsingu á sögu-efninu, sem sneiðir hjá allri vorkunn og viðkvæmni.

Helskipið fjallar um lífshlaup sjómannsins, þessa verkamanns heimshafanna, þá ævi sem gjarnan er ofurseld duttlungum yfirmannanna. Í nokkuð yfirgripsmiklum inngangsköflum, sem þó spilla varla að nokkru ráði fyrir einingu heildarfrásagnarinnar – og jafnvel þótt svo væri þá bætir sú kostulega kímni gáfa sem einkennir frásögn Travens það upp –, í þessari kynningu lýsir Traven margvíslegum hrakningum sjómanns sem er skilinn eftir í landi án skilríkja, ævintýrlegum samskiptum hans við vegabréfaeftirlit og landamæralögreglu, ræðismenn og heimshornaflakkara. Leiðin liggur um Holland og Belgíu, Frakkland og Spán og hvert sem leiðin liggur eru lögreglumenn og landamæraverðir, borgarinn og í andstöðu við hann verkamaðurinn, öreiginn, hverjum öðrum líkir á þessum illu tímum undir oki auðvaldsins, en einnig á betri stundum þegar alþjóðleg hjálpfýsi verkalýðsstéttarinnar kemur í ljós, landamærin gufa upp. Sjóliðinn lendir að lokum á helskipinu, en það kallast skip þar sem skipstjóri og eigendur græða á því að ráða um borð menn sem eru án tilskilinna skilríkja fyrir yfirvöld. Skipstjórinn veit að slíkur maður er á hans valdi út yfir gröf og dauða; engin hafnar-yfirvöld í veröldinni munu láta hann sig varða og aðstoða hann við að sækja rétt sinn. Slíkt skip er helskip, dauðaskip. Og síðan lýsir Traven vinnuáðstæðum um borð og skapgerð skipsfélaganna og yfirmannanna. Af hryllilegu raunsæi lýsir hann því helvíti sem kyndarinn og kolamokarinn strita í. Að lokum er okkar maður fluttur með ofbeldi yfir á annað skip, sem einnig er helskip en þó ólíkt að því leyti að vinnuáðstæður eru með besta móti – á hinn bóginn hefur útgerðin ákveðið að sökkva skipinu, það ber sig nefnilega ekki og tryggingarupphæðin er of há. Loks lýsir Traven endalokunum á áhrifaríkan hátt og af miklu listfengi. Endirinn er farsæll að því leyti að bátur þeirra sem eiga að bjargast brotnar í spón í algjöru miskunnarleysi – einnig hinir, sem haldið er nauðugum, sjá óumflýjanleg endalok sín nálgast – og þar með lýkur bókinni.

Hinar tvær sögurnar eru grófari í dráttum. Þetta eru einfaldar en áhrifamiklar sögur vegna þess að þær eru sannar, annars vegar um líf bómullartúnslufólks í Mexíkó og hins vegar um iðnverkamanninn, „Wobbly“ – viðurnefni fyrir iðnverkamenn heimshreyfingarinnar – sem kyndir undir ólgu í atvinnurekstrinum

¹⁶ [*Die Baumwollpflücker* kom út í íslenskrí þýðingu Ásgríms Albertssonar undir heitinu *Flökkulíf. Saga frá Mexíkó árið 1942* (Síglufjörður: Rún) og byggir sú þýðing á síðari gerð skáldsögunnar.]

innan um hina arðrændu verkamenn. Bókin er full af áhugaverðum athugasemdum um samfélagslegar valdaafstæður í Mexíkó á okkar dögum. Á magnaðan hátt er lýst verkfalli þar sem verkamenn hafa betur gegn atvinnurekendum með stuðningi bæjaryfirvalda. Vitaskuld gerist þetta ekki í Evrópu, en Traven hefur heldur engan hug á að senda frá sér afstöðuverk. Á sinni látlausu amerísku þýsku segir hann einfaldlega frá því hvernig þetta var – og einmitt þess vegna virkar það. Traven lýkur *Wobbly* með lýsingu á margra vikna flutningi á nautgripum yfir fjallgarða Mexíkó og út að strönd. Lýsingin er þess virði að hún sé birt stök á ný. Þær dýrasögur sem nú eru í tísku innan borgaralegra bókmennta falla algjörlega í skuggann af þessu verki, sem verður að upplifun fyrir lesandann.

Eins og stendur er verið að prenta þriðju bókina eftir Traven og er hún væntanleg þegar líður á árið.

Hinn nýi maður í nýju Rússlandi

Litið yfir fyrsta skeiðið í sagnalist öreiganna

Um nýjar áskoranir öreigalistar

Menningarlegt inntak öreigalýðsins breytist án afláts eftir því sem skynbragð hans á eigin stéttarvitund verður beittara og hann öðlast sterkari vitund um stéttalög-mál þeirra átaka sem hafa brotist út í borgarastyrjöldinni. Ágreiningurinn um þau vandamál sem öreigamenning og -listir standa frammi fyrir hefur hingað til oft virkað marklaus vegna þess að megininntak hans er mismunandi og tekur stöðugum breytingum. Vísirinn að listum og bókmenntum öreiga ber því gjör-ólíkt svipmót í öllum löndum á mismunandi tímabilum og á ólíkum þróunarstigum í stéttarvitund öreiganna. Sá sem dæmir er vanur að byrja á því að meta slík vandamál út frá sínu eigin landi, sínu næsta umhverfi, stöðu sinni í þróun átakanna. Og hversu ólík eru ekki átök verkalýðsstéttarinnar í afstöðu sinni til inntaks verðandi öreigamenningar í einstökum löndum. Sameiginleg er glíman um listræna tjáningu og menningarlegt samhengi þessara átaka, vona, ósigra og sigra. Þessi sameiginlegi kjarni er meginþáttur í list öreigastéttarinnar, hann er tjáning menningarinnar eða öllu heldur skilyrði hennar, enda þótt hann sé ekki enn óskorað inntak sem hægt er að meta. Þessi sameiginlega barátta fyrir svigrúmi til tjáningar er í grunninn ennþá áróður, ögun og krafa, hvatning og mótþrói gegn upplausn. Þetta eru listir og bókmenntir, ef þannig má að orði komast, fyrir öreigastéttina, leiðarvísir, stuðningur og vísbending – en enn sem komið er endurspeglar hún þó ekki öreiga sem stétt er hefur slitið sjálfá sig frjálsa í inn-taki hinnar nýju stéttarmenningar. Raunum þeirra sem heyja stéttabaráttuna er snúið upp í varnarorð og logandi heróp, gleði þeirra í lofsöngva og samfélagslegar vonir, átökunum sjálfum í uppskrúfaðar hetjudáðir. Það þarf og þurfti að vera á þann veg. Ósk hins ameríska og þýska, franska og ítalska verkamanns er sú að ná að samþætta þrá og innsýn samtímans í persónulegri upplifun. Það er ekki fyrr en með undirbúningsvinnu öreigalistarinnar sem knúið er á um slíka óhjákvæmilega aðlögun að félagslegu þróunarstigi stéttabaráttunnar. Endanlegri þróun inntaks hennar tilheyrir valdþróun stéttarinnar, sú yfirtaka hins pólitíska valds sem þegar hefur átt sér stað og veitir öreigum hlutverk og tækifæri til að víkka og dýpka stéttarvitund sína og fyrst og fremst til að festa sig menningarlega

í sessi og hrinda í framkvæmd öllum vonum og loforðum baráttunnar og þeirra sem berjast.

Nýja rússneska öreigamenningin

Í sögu stéttabaráttunnar hefur þetta hingað til aðeins átt sér fyllilega stað hjá öreigum Rússlands. Og aðeins frá þeim er að vænta fyrstu alvöru öreigamenn-ingarinnar, fyrstu ósviknu bókmennta og lista öreiganna, öfugt við hinar úr sér gengnu, það er föllnu og buguðu bókmenntir og listir borgarastéttarinnar. Allt frá byrjun hefur Sovét-Rússland barist fyrir þeirri sögulegu og sjálfsgöðu nauðsyn að afhjúpa hið nýja menningarlega inntak samfélagsins og leyfa því að þróast, að skapa nýjar listir og bókmenntir og gefa hinum nýja manni í nýju Rússlandi rödd. Fyrsta textasafnið með þessum afrakstri er nú þegar komið út, bókmenntaleg birtingarmynd þessarar menningar, og frásagnirnar sem greina frá hinu nýja inntaki lífsins og samfélagsins eru ekki óverulegur þáttur þessa. Það myndi missa marks að tefla þessum bókmenntaverkum fram sem sýnidæmum, sem fyrirmyndum að bókmenntalegum tilraunum verkamanna í öðrum löndum sem enn eru á fyrsta stigi baráttunnar. Enda þótt – eins og sýnt verður fram á síðar – eða kannski einmitt vegna þess að þau búa yfir ríkulegum gæðum og jafnast á við bestu bókmenntaafurðir hinnar alþjóðlegu borgarastéttar. Þessi verk eru nefnilega, svo gripíð sé til orðs sem nýtur gríðarlega vinsælda í dag, alvöru heimildir, ekki aðeins hvað formlegt inntak varðar, heldur einnig heimildir um þessa nýsprötnu öreigamenningu sem hin borgaralega menning hefur hingað til ekki getað boðið upp á af slíkri dýpt og í slíku umfangi. Enginn áróður lengur, engin logandi heróp lengur, engin viðkvæmni lengur, engin áhersla lengur á förnfýsi og hetjudáð, einfaldar frásagnir, hversdagslífið, sjálfsgöð atriði um hvernig hinn nýi maður varð til, hvernig hann lifir og aðrir lifa með honum. Engu að síður og beinlínis án allra annars nauðsynlegra æsingartóla stéttabaráttubókmennta eru áhrif slíkra frásagna á þá sem enn berjast við virkisgrafir borgarastéttarinnar gífurlega sterk og mikil. Líkt og að anda djúpt að sér algjörlega nýju, hreinna lofti. Gjöf og uppskera fyrir þann sem í stéttaátökum borgarastyrjaldarinnar ber skyn á frelsun öreigastéttarinnar í mynd nýrrar menningar og veit hvernig hann sækir sér þangað hugrekki og þrautseigju til þess að knýja fram lokasigurinn.

Sögulega samhengið

Fremst í textasafninu er að finna úrval nokkurra þeirra fjölmörgu verka í Rússlandi þar sem staðreyndamiðuð framsetning vegur þyngra en bókmenntalegur frásagnarstíll. Þetta eru nýjar sagnabókmenntir í mótun. Því jafnvel þótt atburðum sé raðað upp eins og í skjalamöppu orka slík verk eins og fagaðar

fagurbókmenntir, slípaðar af miklu listfengi. Hvergi nokkur bókmenntaleg tilgerð, hvergi ásetningur um áhrif. *Rússland 1917–1923* eftir Sosnovskij er til fyrirmyndar hvað þetta varðar.¹⁷ Undirtitillinn: „Ekki ævintýri, ekki helgisaga, heldur raunveruleiki“, lýsir eðli þessarar bókmenntageinar á fullnægjandi hátt. Þetta er saga þorpsins „Kýli“, nú endurnefnt „Rósa Luxemburg“, í héraðinu Kalúga. Greint er frá afstöðu þorpsbúa til gömlu héraðsstjórnarinnar, byltingarinnar og nýju valdhafanna. Enda þótt bændurnir séu óánægðir trúa þeir enn gömlu landeigendunum. Þeir láta ginna sig til að gera uppreisn þar til þeir rekast á sveitunga sinn í röðum rauðliða. Þeir öðlast traust. Vinnan eykst. Héraðið Kalúga, sem varð nær gjaldþrota undir stjórn Rússakeisara, byggir upp efnahag á alveg nýjan hátt og hann er sérstaklega merkilegur vegna þess að smábændur og iðnaðarmenn þorpsins ráða för. Öllu þessu er lýst með einfaldri uppröðun atburða en endurspeglast engu að síður í djúpum sagnaskáldskap. Eftir Sosnovskij liggur einnig stutt verk sem er skylt þessu: *Bogatyrværksmiðjan*. Bókin, sem er að mörgu leyti skyld stærra verki sem kom út síðar, er tilraun til þess að færa skilning verkafólks nær verksmiðjunni sem sameinaðri félagslegri heild er býr yfir eigin raunum, vonum og átökum líkt og lifandi þjóð. Bogatyrværksmiðjan framleiðir gúmmí í útjaðri Moskvu. Verkið fjallar um baráttu verkafólksins við að halda framleiðslunni gangandi, deilur á milli verksmiðjuráðsins og stjórnáráðs og þar að auki á milli stjórnáráðs og þeirra yfirvalda sem bera ábyrgð á efnahagsmálum og loks um hvernig þjófnaður er upprættur í verksmiðjunni. Öll þessi vandamál eru dæmigerð fyrir hina rússnesku verksmiðju á fyrstu byltingarárunum og urðu efni í opinberar umræður sem Sosnovskij tekur saman og birtir.

Í safninu er einnig að finna *Poskakútsjín undirlíðsforingja* eftir Sergejev sem fellur í þennan flokk enda þótt bókmenntalegi þátturinn vegi þar þyngra.¹⁸ *Poskakútsjín undirlíðsforingi* er svo að segja svar öreiga við stríðsbókmenntum borgarastéttarinnar, sem hafa þanist út. Saga Poskakútsjíns undirlíðsforingja er nokkuð einföld, þetta er saga bóndans unga Poskakútsjíns sem kallaður er í varastórskotaliðið við herkvæðninguna árið 1914. Stórskotaliðinn hækkar brátt í tign, verður undirlíðsforingi og gengur í gegnum sömu stríðsreynslu og allir samherjar hans, sem og liðsmenn þýska hersins, hafa gengið í gegnum. Á tímum Kerenskijstjórnarinnar búa hermenn á vígstöðvunum sig undir mótmæli.¹⁹ Sveitin sem

¹⁷ [Lev S. Sosnovskij (1886–1937) var rússneskur blaðamaður, rithöfundur og byltingarsinni og þau tvö verk sem Jung nefnir hér eru á meðal þekktustu bóka höfundarins. Sosnovskij var einn þeirra höfunda sem síðar áttu eftir að láta lífið í hreinsununum miklu.]

¹⁸ [Sú bók rússneska höfundarins Anatolíjs Sergejev sem hér er nefnd kom út í þýskri þýðingu árið 1923 undir heitinu *Unteroffizier Postakuchin*.]

¹⁹ [Bráðabirgðastjórn sem var við lýði í Rússlandi frá falli Rússakeisara í febrúar 1917 þar til októberbyltingin braust út síðar á sama ári.]

Poskakútsjín tilheyrir tekur á móti bolsévískum áróðursmanni frá Petrograd. Þannig gengur Poskakútsjín til liðs við öreigabyltinguna. Hann er einn þeirra fyrstu sem vinna að bræðralagi við þýsku hermennina og það gerir nafn hans þekkt um allar vígstöðvarnar. Fyrir hinn rússneska hermann, verkamann og bónda verður nafnið Poskakútsjín að táknmynd, að holdgervingu vonarinnar um byltingu sem síðan brýst út með ofsafengnum hætti á októberdögum 1917. Í augum ofurstaklíku rússneskra menntamanna og landeigenda verður Poskakútsjín að táknmynd stéttaróvinnarinnar, fyrir það er honum ætlað að þjást og hann er dæmdur til dauða. Byltingin veitir honum frelsi en nú felur hún Poskakútsjín, hinum einfalda bónda og undirliðsforingja, allt öðruvísi verkefni en hann hafði nokkru sinni látið sig dreyma um. Þegar hann snýr aftur í heimaþorp sitt lendir hann í hringiðu bændauppreisnanna. Hvarvetna er leitað til hans þegar styrkja þarf vald verkamanna- og bændastjórnarinnar gegn uppreisnum landeigenda í héraðinu. Svo að segja af sjálfu sér og án þess að vera skipaður opinberlega vex hann inn í embætti hernaðarlegs yfirstjórnanda sýslunnar. En byltingin þarfnast starfskrafta hans áfram eftir að storminn lægir í héraðinu. Fylla þarf í eyðurnar í hersveitum öreiganna. Hann er kallaður frá heimahéraði sínu Túla til að taka við embætti yfirmanns hersins í Arkhangelsk. Stór hluti bókarinnar greinir nú frá og telur upp atburði sem eru lýsandi fyrir þróun hins byltingarsinnaða Rússlands á norðurvígstöðvunum. Barátta gegn spillingu nýrra embættismanna, gegn frjálsslyndi og svikum gömlu ofurstanna sem þjóna þó Rauða hernum að nafni til, lýsingar á bardögum við Hvíta herinn, á grimmilegum handtökuaðferðum hvítliðanna, svipmyndir af flótta um frumskóga norðursins sem greina frá ólýsanlegri hetjudáð. Eins fábrotin og frásögn þessara atburða er, þá geisla þeir af trú öreiganna á frelsun sína, þrautseigju þeirra, fórnfýsi og hetjulund. Félagi Poskakútsjín er í dag, eins og afburðagóður þýðandi verksins Frida Rubiner segir í eftirmála, ritstjóri viðskipta- og efnahagsmála hjá *Pravda* í Moskvu og það var samstarfsmaður við dagblaðið sem skráði reynslusögu hans, sem er sönnun þess hvernig endursögn á æviskeiði getur öðlast áhrifamátt mikillar sagnalistar.

Dæmigerð fyrir slíkar bókmenntir, sem ljá hinu sögulega efni epískan drifkraft, er bókin *Uppreisnarmennirnir* eftir Dybenko.²⁰ Uppreisnarmennirnir eru sjóliðar í áhöfnum rússnesku herskipanna á tímum stríðsins og byltingarinnar. Pólítísk barátta fyrstu sjóliðaráðanna gegn lyktum stríðsins, kúgun þeirra undir stjórn

²⁰ [Pavel J. Dybenko (1889–1938) var byltingarsinni, sjóliðsforingi og meðlimur fyrstu ríkisstjórnar Sovétríkjanna. Hann var eiginmaður byltingarsinnans og rithöfundarins Aleksöndru Kollontaj, sem varð fyrsti kvenráðherra í heiminum. Bókin *Uppreisnarmennirnir* (Мятежники) kom upphaflega út árið 1923. Dybenko var tekinn af lífi í hreinsununum miklu.]

Kerenskijs, hjálp sjóliðanna á fyrstu mánuðum öreigabyltingarinnar gegn Hvíta hernum – þessar heimildafrásagnir virka ekki síst lifandi vegna þess að þær draga beinlínis fram hliðstæðuna við átök þýskra sjóliða undir lok heimsstyrjaldarinnar.²¹

Í þessu samhengi ber einnig að nefna endurminningabók Johns Reed: *Tíu dagar sem skóku heiminn*.²² Enda þótt ekki sé um eiginlegar rússneskar bókmenntir að ræða sýnir bókin fram á undursamlega aðlögunarhæfni bandaríska blaðamannsins sem greinir frá einstökum atriðum á dögum októberbyltingarinnar þannig að maður verður nánast vitni að aðgerðum, bardögum og sigrum rússneska öreigalýðsins.

Þráðurinn tekinn upp frá alþýðuhöfundum

Ásamt nær alfarið sögulegri hlið hinna nýju rússnesku bókmennta sem rædd var að framan, hefur komið fram bókmenntahreyfing sem tekur upp þráðinn frá svokölluðum alþýðuhöfundum með markvissum hætti. Rússnesku alþýðuhöfundarnir, sem skrifuðu verk sín um miðja síðustu öld, voru undanfarar natúralismans sem kom ekki fram á sjónarsviðið í Vestur-Evrópu fyrr en löngu síðar. Markmið þeirra var að lýsa lífi rússnesku alþýðunnar á sannferðugan hátt. Þeir héldu inn í þorpín, inn í verksmiðjurnar, og greindu frá því sem fyrir þeim varð. Það þarf engan að undra að keisaraveldið bældi slíkar bókmenntir niður af öllu afli, fangelsaði eða bannaði hina rússnesku alþýðuhöfunda og gerði allt sem hægt var til að þessar bókmenntir yrðu gleymskunni að bráð í Vestur-Evrópu, í þágu bókmenntahnoðs frá rithöfundum á borð við Túrgenjev eða hinum sálræna dulhyggjuskóla Dostojevskis og Tolstojs, sem þá voru að komast í tísku. Rússneska keisaraveldinu stafaði minni hætta af öllum þessum nýmóðins rússnesku bókmenntum, hversu byltingarkennd sem áhrif þeirra á ýmsa höfunda vítt og breitt um Evrópu kunna að hafa verið, en af þeim verkum rússnesku alþýðuhöfundanna sem rötudu til þjóðarinnar sjálfrar. Fyrir tilraun sína til að greina frá raunum rússnesku þjóðarinnar á sannferðugan hátt máttu Rjeshetnikov og Úspenskij,²³ framúrskarandi höfundar úr hópi alþýðuhöfunda, gjalda með lífi sínu vegna þrýstings yfirvalda sem vildu forheimska og afvegaleiða rússnesku menntastéttina og úthrópuðu verk þeirra.

²¹ [Hér er vísað til sjóliðauppreisnarinnar í Kiel (þýs. Kieler Matrosenaufstand) sem hófst þann 3. nóvember 1918 og var undanfari nóvemberbyltingarinnar í Þýskalandi.]

²² [John Reed (1887–1920) var bandarískur kommúnisti og blaðamaður og er grafinn í Kremlarmúrum. Bókin *Ten Days that Shook the World* er gjarnan talin með mikilvægustu heimildum og vitnisburðum um októberbyltinguna og gegndi lykilhlutverki við mótun alþjóðasinnnaðra heimsbókmennta á þriðja áratugnum. Bókin kom út í íslenskri þýðingu Þorvaldar Þorvaldssonar árið 2017 (*Tíu dagar sem skóku heiminn*, Reykjavík: Skrudda).]

²³ [Sjá neðanmálsgrein 10.]

Það er því ekki hrein hending að bókmenntahreyfing hins nýja, frelsaða Rússlands skuli sækja til þessara alþýðuhöfundna. Mikilvægasti lærisveinn þeirra nú til dags, náskyldur Úspenskij í ritstíl og ljóðrænum tilþrifum og sækir líkt og hann efnivið sinn í líf bænda í Síberíu, er Vsevolod Ívanov.²⁴ Hingað til hafa þrjár sögur eftir hann verið þýddar á þýsku og er þær að finna í textasafninu. Saga hans *Marglítir vindar* hefur meira að segja vakið nokkra eftirtekt hjá hinni alþjóðlegu borgarastétt, sem lítur nú þegar á hana sem lýsandi dæmi um hinar nýju rússnesku bókmenntir. Þetta er saga af atburðum í *síberísku þorpi* sem er umlukid Taiga, síberíska frumskóginum, og er til að byrja með nær ósnortið af byltingunni og átökum Hvíta og Rauða hersins í Síberíu. Lífið í þessu þorpi, líf bændanna, mynd fjölskyldnanna í skauti náttúrunnar breytist á jarðbundinn hátt með árstúðunum og frumstæð lífskjör síberíska bóndans leyfa honum ekki að taka opinbera afstöðu með annarri hinna stríðandi fylkinga. Síberíski bóndinn skynjar aðeins að hann er líkt og áður arðrændur af nýja tsarinum, Kolttsjak,²⁵ sem hefur sest að í Omsk. Flokkur kósakka sem ílendist í þorpinu er skýr birtingarmynd þessa. Klerkurinn getur enga aðstoð veitt og upphæðin sem lögð hefur verið til höfuðs hinum hundeltu rauðliðum, og færði bændunum hingað til kærkomnar tekjur, hefur lækkað eða er hreinlega ekki greidd út. Þannig leggja bændurnir mat á styrk nýja tsarsins og þegar æ stærri kósakkahópar birtast og brenna niður landið, ákveða bændurnir að gera uppreisn og gæfan er með þeim í liði. Í hópi flóttamannanna, sem þeir hafa hingað til elt uppi, finna þeir alvöru „bolsévika“ frá Petrograd. Hann, sem skömmu áður var reiðubúinn að taka á móti banvænni byssukúlu frá bændunum og hefur lært að hata þá sem fjandmenn sína, er kjörinn leiðtogi af bændunum sjálfum. Hér fær lesandinn undursamlega innsýn í sálarlíf rússneska bóndans, sem enn býr yfir sínum leyndardómum. Aldurhniginn bóndi, sem sagt er að hafi tekið „nýja trú“, dregst inn í uppreisnina. Hann verður að lokum, án þess að átta sig í raun á því sjálfur, að drifkrafti uppreisnarinnar. Hann verður tengiliðurinn á milli hinna framandi rauðliða og bændanna. Og að lokum, eftir að svæðið hefur verið frelsað undan hyski Kolttsjaks, er það hann sem segir það sem býr í hjarta allra uppreisnarbændanna, þegar hann grípur til axarinnar og ryður veginn til að byggja nýtt

²⁴ [Vsevolod V. Ívanov (1895–1963) var rússneskur rithöfundur og blaðamaður. Hann tilheyrði meðal annars hópi svokallaðra Serapions-bræðra í Petrograd í upphafi þriðja áratugarins, ásamt höfundum á borð við Viktor Shklovskij, Konstantín Fedín og Nikolaj Tikhonov. Þekktastur er hann fyrir sögur sínar frá fyrri hluta höfundarferilsins og eru sögurnar sem hér eru nefndar, *Marglítir vindar* (Цветные ветра, 1921), *Skæruliðar* (Партизаны, 1921) og *Brynlest nr. 14–69* (Бронепоезд 14–69, 1922), allar í þeim flokki.

²⁵ [Aleksandr V. Kolttsjak (1874–1920) var aðmíráll sem stýrði Hvíta hernum í Síberíu en var sigraður og líflátinn af bolsévikum.]

hús svo „jörðin falli ekki í gleymsku“. Vinnan er það sem bændurnir stefndu að og vildu berjast fyrir. Vinnan, jarðbundin og jarðgróin vinna. Fyrir evrópska lesendur hefur bókin sérstakt seiðmagn vegna þess að í henni er í fyrsta sinn lýst því andrúmslofti sem ríkir í Taiga í Síberíu. Menningar raunir og vonir bændanna birtast lesandanum af slíku affi að lýsingin á naumast sinn líka. Þessir síberísku bændur Vsevolods Ívanov eru ekki lengur eins framandi í okkar augum og hinir fremur dulrænu bændur úr smiðju Tolstojs. Þetta eru manneskjur af okkar holdi og blóði, manneskjur sem á sinn hátt hafa öðlast skilning á kommúnismanum og fylkja sér um hann vegna þess að þær trú á framtíð öreigastéttarinnar. Þessir bændur eru í eðli sínu líkir smábændum í Þýskalandi, Frakklandi og Ameríku, vísir að nýrri fátækri bændastétt sem er um leið hluti öreigalýðsins. Víðs fjarri hvers kyns pólitískum áróðri hefur Vsevolod Ívanov laðað fram nýja gerð bænda í bókmenntum, sem hingað til hefur ekki verið skeytt um.

Við þessa sögu hefur Vsevolod Ívanov bætt tveimur öðrum. Önnur þeirra, *Skæruhlíðarnir*, fjallar meira og minna um sama efni, *bændauppreisn á svæði norður af Altaj-héraði*. Sama gerð af bónda stígur fram, í félagslegu tilliti er gerð hans þó öllu margslungnari og minni áhersla er lögð á ljóðrænu í ritstíl verksins. Á móti kemur að þetta er heildstæðara listaverk. Manneskjan er bundnari náttúrunni. Fyrir vikið verða örlög uppreisnarmannanna harmræn. Þeir farast, verða að móðurjörð fyrir komandi kynslóð sem hefur meðvitaðri sýn á takmark byltingarinnar og mun því sjálf geta notið ávaxta baráttunnar. Hin sagan, *Brynlest nr. 14–69*, greinir frá þætti úr átökum við hvítliða í Amur-héraði. Það segir margt um listfengi þessa skálds að hann hefur ekki einungis kafað djúpt ofan í þau vandamál sem öreigar eiga við að etja í baráttu sinni, heldur einnig ofan í félagslegar andhverfur bænda, verkamanna úr röðum kommúnista, liðsforingja Hvíta hersins og fiskimanna. Þessi saga er meira listaverk en hinar tvær fyrrnefndu, verk sem öreigabókmenntir geta teft fram gegn bókmenntum borgarastéttarinnar sem hingað til hafa ríkt einar. Að vissu leyti hefur það þegar á sér sígildan heildarsvip. Hetjudauði Kínverjans, sem varpar sér sem tálma fyrir brynvarða lestina, á sér vart fyrirmynd í fagurbókmenntum.

Til þessa flokks má einnig telja nokkrar stuttar sögur sem eru teknar saman í tveimur bindum undir heitinu *Rússneskar sögur*. Að vísu eru þær ekki svo mjög alþýðufrásagnir í eiginlegum skilningi, en greina má skyldleika við alþýðuhöfundana í hinum raunsæju lýsingum á harmrænum atburðum borgarastyrjaldarinnar. Það gildir um *Í eftirdragi* eftir N. Níkítín,²⁶ þar sem greint er frá harmrænum

²⁶ [Nikolaj N. Níkítín (1895–1963) var rússneskur byltingarsinni og rithöfundur og tilheyrði líkt og Ívanov hópi Serapions-bræðra í Petrograd. Sagan sem hér er vitnað til kom út í þýskri þýðingu undir heitinu „Im Schleppekahn“.]

örlögum rauðliða í haldi, sem eru beittir ólýsanlegum pyntingum og fluttir niður Volgu til þess eins að vera skotnir til bana, þegar þeir héldu að sér væri borgið. Saga A. Malyshkin,²⁷ *Nótt við Skakka-Horn*, er einnig sögulegt brot um ólýsanlega erfiðleika sem hin nýja valdastétt öreiga þurfti að glíma við í baráttunni fyrir eigin tilvist. Hópur rauðliða stendur berskjaldaður frammi fyrir snjóþyl í vagni sínum, á yfirgefni lestarstöð á steppunni. Þeir ræða ekki um áróður, ekki um tilfinningar sínar í garð byltingarinnar, þeir eru einungis byltingarhermenn og verkefni þeirra þessa stundina er að koma boðum til skila í tæka tíð. Og þeir standast raunirnar vegna þess að þeir búa yfir mannlegum styrk og vegna þess að þeir skynja að þeir tilheyrja hinni breiðu fylkingu verkamanna og bænda sem berst fyrir frelsi sínu. Eftir sama höfund er einnig sagan *Fall Dáirs* (í sama bindi), sem í tæknilegu tilliti er ein sú fullkonnasta í textasafninu. Hún fjallar um árás Rauða hersins á Perekop-eiðið sem opnaði leiðina til Krímskagans og leiddi þar með til tortímingarinnar á hvítliðasveitum Vrangels.²⁸ Í raun er hér aðeins á ferð lýsing á árásinni sjálfri, en úr henni verður engu að síður svipmynd af hetjudáð sem er knúin áfram af svo óvenjulegri og listfenginni spennu og um leið af slíkum krafti fjöldans að hún minnir á hetjusöngva fornaldar. Ekki eins magnþrungin en með eindæmum mannleg er saga S. Sejfúllín, *Öryrkinn*, og hið sama gildir um lýsingu á flóttamannastraumi á leið yfir eyðimörk eftir V. Tamarín.²⁹

Nýjar bókmenntir úr ríki verkalýðsins

Þriðja flokkinn mynda nokkrar sögur sem skera sig algjörlega úr og fjalla um gerð hins nýja þjóðfélags þar sem mennirnir sjálfir, raunir þeirra og örlög, eru ekki lengur í forgrunni, heldur alþýðuríkið og félagsleg samsetning þess. Kommúnistasettan, stjórnsýsla í sveit og borg, fjöldi verkamanna og bændanna bera

²⁷ [Aleksandr G. Malyshkin (1892–1938) var rússneskur höfundur, hann átti síðar sæti í stjórn Sambands sovéskra rithöfunda og var einn af ritstjórum bókmenntatímaritsins *Nýr heimur* (Новый мир). Sagan sem hér er vitnað til kom út í þýskri þýðingu undir heitinu „Eine Nacht am Schiefen Horn“. Skáldsagan *Fall Dáirs* (Падение Даяра) kom upphaflega út árið 1923.]

²⁸ [Hér er vísað til þeirra hvítliðasveita sem börðust undir stjórn Þjots N. Vrangel á Krímskaga árið 1920.]

²⁹ [Saken Sejfúllín (1894–1938), var rithöfundur og skáld og einn helsti brautryðjandi kasakskra bókmennta. Hann var fyrsti formaður Rithöfundasambands Kasakstan og lagði ríka áherslu á aukna sjálfstjórn ríkisins, sem var ein meginástæða þess að hann féll í ónáð og var tekinn af lífi í hreinsununum miklu. Sagan sem hér er vitnað til kom út í þýskri þýðingu undir heitinu „Der Invalide“. Lítlar upplýsingar liggja fyrir um höfundinn Valentín Tamarín, sem hér er vitnað til, en verk hans náðu nokkurri útbreiðslu á þýsku málsvæði á þessum tíma og gaf forlagið Carl Hoym í Hamborg meðal annars út þýðingu á skáldsögu hans undir heitinu *Die Wüste* (Auðnin) árið 1922.]

uppi frásögnina. Fjöldinn þjáist, þroskast, berst, fellur og rís upp á ný, og einstaklingarnir, en örlög þeirra fá svo að segja að fljóta með í frásögninni, virka einungis eins og tilfallandi hlutar af heildinni. Þessi algjörlega nýi frásagnarháttur felur í sér umbyltingu. Þannig er nú þegar hægt að tala hér um undirstöður hinnar nýju öreigalistar. Til fyrirmyndar hvað þetta varðar er bókin *Vika* eftir Júrij Líbedinskij.³⁰ Lesandinn kynnist flokksskipan og stjórnýslu borgar. Varfærnislega er ýjað að mannlegum fjölbreytileika hinna ábyrgu verkamanna. En þessi fjölbreytileiki hefur enga þýðingu, öllum þessum mannlegu veikleikum er tekið sem sjálfsögðum hlut. Sem heild virka þeir algjörlega eins og steyptir í sama mót. En vísbendingarnar um uppreisn uppgötvast of seint. Uppreisnin brýst út og meirihluti háttsettra embættismanna í stjórnýslunni er drepinn. Ýjað er að því að þeir hafi fengið að gjalda fyrir einhver afglöp. En því dýpra sem maður sökkvir sér ofan í þetta vandamál þeim mun hetjulegri verða allar þessar ímyndir verkamanna og bænda sem byltingin hefur fært í æðstu stjórnunarstöður borgarinnar. Lesandinn fær æ meiri samúð með þeim og í því felast undursamleg áhrif bókarinnar – svo ekki sé minnst á að um leið og manngerðirnar eru kynntar til leiks ein af annari er einnig gerð tilraun til að greina þróun þeirra á sálrænan hátt. Hér mótast sjónarhorn sem beinast inn í sjálfa þróun tímabilsins og eru hafin hátt yfir svið hinnar hversdagslegu sögu. Þetta er bók sem hefur svo að segja fordæmisgildi fyrir öreigabókmenntir.

Andhverfu þessa, jafnt í andrúmslofti baráttunnar, í samsetningu mótspyrnnunnar, í hetjudáð hins einfalda manns sem rís upp gegn hvítliðum Koltsjaks, hjá járnbrautarstarfsmönnum og verkamönnum, lágt settum embættismönnum og síðast en ekki síst hjá bændunum má finna í sögunni *Golgata* eftir Pavel Dorokhov.³¹ Að nokkru leyti ber hún svip síberísku frásagnanna eftir Vsevolod Ívanov, en hún hefur þó mun fleira að geyma en aðeins þætti úr frelsisbaráttunni í Síberíu. Heimskulegt sinnuleysi hinna nýskipuðu Koltsjak-liða þegar þeir kvelja bræður sína – bændur eins og þeir sjálfir – samkvæmt fyrir mælum, berja þá og drepa, kvalalosti tékknesku og pólsku málaliðanna og liðsforingja kósakkanna, lýsingarnar á hryllilegum kvölum, pyntingaklefarinnir í Irkútsk – þessari gulgatahæð öreiganna sem berjast er lýst af sláandi raunsæi, vægðarlausar en í öðrum bókum safnsins, og jafnvel þótt enginn áróður sé til staðar er líkt og lesandinn sé

³⁰ [Júrij Líbedinskij (1898–1959) var sovéskur rithöfundur og bókmenntagagnrýnandi. Skáldsagan *Vika* (Неделя) kom upphaflega út árið 1922.]

³¹ [Pavel N. Dorokhov (1886–1938) var rússneskur byltingarsinni og rithöfundur og gat sér nokkuð orð sem slíkur á árunum eftir byltingu, en féll síðar í ónáð og hvarf í hreinsuninum miklu. Sú þýska þýðing á skáldsögunni *Golgata* sem hér er vitnað til kom út árið 1924.]

húðstrýktur. Og á miðri þessari golgatahæð rísa upp stakar mannverur, óframfærni kennarinn sem er frábitinn hvers kyns átökum en þarf að gjalda fyrir samúð sína með stritandi og þindri alþýðunni með hræðilegum kvölum; járnbrautasmíðurinn sem hjálpar til við að koma aftur á skipulagi, leiðtogar hreyfingarinnar sem ryðst fram á ný og ekki síst einfaldur þorpsbóndinn sem kemur sér fyrir í framlínu uppreisnarinnar, stórbrotin lýsing á alþýðumanni hins nýja Rússlands sem býr yfir svo eðlislægu affi en er um leið svo einfaldur, menskur, nátengdur hversdagsleikanum, smáu hlutunum sem fylgja gleði og raunum, svo frækinn enda þótt höfundur prýði hann engan veginn með ómissandi mannkostum hinnar dæmigerðu og borgaralegu þjóðhetju. Þetta er bók sem á engan sinn líka í byltingar- og öreigabókmenntum.

Síður afdráttarlaus, en tilheyrir þó tvímælalaust sama flokki, er sagan *Hinn frjálslýndi* eftir A. Jakovljev sem finna má í öðru bindinu af *Rússneskum sögum*.³² Þetta er sagan af sjóliðanum Bokov, einum af forvígismönnum byltingarinnar, sem hefur hætt lífi sínu og fær að launum hátt embætti í stjórnsýslu umdæmis síns. Bokov rís ekki undir freistingum valdsins. Hann fellur. Enda þótt hann beri sjálfur ekki ábyrgð á því vex spillingin í kringum hann. Vinir hans, sem drukku gjarnan með honum, fjarlægjast hann að lokum. Nefnd stígur fram á sjónarsviðið og dæmir hann til dauða. Maðurinn sem skömmu áður hafði verið nánast einráður í umdæmi sínu, er skotinn til bana ásamt ástkonu sinni. Harmur sögunnar er þeim mun skelfilegri vegna þess að frá upphafi til enda fjallar hún í raun ekki um vesalings Bokov, sem aðeins leggur til nafn sitt og geldur að lokum fyrir með lífi sínu. Sagan fjallar öllu heldur um íbúana í þessu umdæmi og hina stritandi alþýðu, veikleika hennar, félagslega aðgreiningu og þá stjórnsýslu sem er að komast á laggirnar og þreifar sig áfram í þágu heildarinnar. Við slíkar aðstæður er einstaklingurinn dæmdur til að falla. Það er ekki fyrr en síðar sem verður mögulegt að koma einstaklingnum til hjálpar, veita honum stuðning þegar hann lendir ómeðvitað á glapstigum.

Síðastan í þessum flokki ber að nefna A. Sjerafimovitsj.³³ Sagan *Undanhald*, sem finna má í fyrra bindinu af *Rússneskum sögum*, er þó ekki sérlega dæmigerð fyrir verk höfundarins. Sjerafimovitsj er ein af vonarstjörnum hinna nýju öreiga-

³² [Aleksandr S. Jakovljev (1886–1953) var rússneskur rithöfundur og sendi frá sér fjölmargar skáldsögur. Smásagan sem hér er vitnað til kom út í þýskri þýðingu undir heitinu „Freizügler“.]

³³ [Aleksandr Sjerafimovitsj (1863–1949) var rússnesk-sovéskur rithöfundur og byltingarsinni. Þekktasta verk hans er skáldsagan *Járnstraumurinn* (Железном потоке, 1924), sem fjallar um atburði borgarastyrjaldarinnar, en sagan sem hér er vitnað til kom út í þýskri þýðingu undir heitinu „Rückzug“.]

bókmennta og verk hans njóta gífurlegrar hylli í nýja Rússlandi. Saga hans *Undanhald*, sem finna má í safninu, ber vott um mikla tæknilega kunnáttu. Um leið er hún birtingarmynd fjöldans. Hér er greint frá undanhaldi liðsveitar Rauða hersins, sem leitar í gljúfur Kákasusfjalla eftir að hafa lent í skothríð frá kósökkum og fallbyssum þýsks herskips. Söguþráðurinn er lítill, sögulega séð eiga fremur ómerkilegir atburðir sér stað; en það hvernig hermennirnir og bændur á flóttu ásamt konum sínum og börnum birtast sem ein heild, enn í öllu sínu agaleysi, í ótta sínum og hversdagsraunum en brjóta sér engu að síður leið um hin miklu örlög fjöldans – allt þetta er til marks um athyglisgáfu mikils listamanns sem hefur vaxið og dafnað í Rússlandi öreiganna.

Jón Bjarni Atlason og Benedikt Hjartarson þýddu